

GANGNASEDILL

2023



GREINARGERÐ UM

STARFSTILHÖGUN FJALLSKILA

Um smölun heimalanda og úrtíning til og frá réttum.

Hver ábúandi er skyldur að hafa aðstöðu til innrekstrar og sundurdráttar á því fé sem úr hans heimalandi kemur. Skal hann sjá um sundurdrátt á því fé sem á að ganga til réttar, svo úrtíningsmenn geti gengið að fénu án tafa. Bílfært sé að geymsluhólfu úrtínings. Það er ekki æskilegt að fé af nágrannabæjum sé flutt til réttar, slíkt veldur óþarfa þvælingi á fé og er mælst til þess að ábúendur og fjáreigendur sjái til þess að það þurfi ekki að verða nema í litlu mæli.

Fjallskiladeild sér um flutning á úrtíningi til fyrstu og annarar réttar og svo utansveitar fé úr þriðju heimalandasmölnun.

Fjáreigandi sér um sitt fé, af þeirri rétt sem hann á sókn til.

Úrtíningsmenn sækja fé á þverárrett og Fótarrétt. Skulu þeir flytja féð til réttra eigenda, allt að einni kind. Er nóg að sleppa fé í girðingar við veginn til að spara akstur. Fjallskiladeild sér ekki um flutning á úrtíningsfé á milli gangna, né eftir að réttum er lokið, öðru en utansveitarfé, til eða frá.

Þar sem aðeins eru auglýstar á gagnaseðli tvennar smalanir á heimalöndum, er áhersla lögð á að allir sinni því af vandvirkni, jafnt ógirt land sem afgirt, ef fjár er von.

Fjallskilastjóri áskilur sér rétt til að boða fleiri smalanir ef tvennar leitir að hausti duga ekki.

Ef fé finnst í heimalöndum eftir að smölun er lokið og það megi rekja til þess að illa eða ekki hafi verið smalað, skal viðkomandi bóndi sjá til þess að það komist til réttra eigenda.

FJALLSKILASTJÓRI

Fjallskil í Tungudeild haustið 2023

Heimili	Veitar fóðrað Fjár- tala	Gangna- kostn. á kind 650	BLEIKSMÝRARDALUR				AUSTURDALIR				Bíla- kostn.	Skuld		
			Vestur Sandar og Miðpartur		Skarðs- dalur		Hjaltadalur		Belgsárdalur				Bæjar- rekstur	
			1.g	2.g	1.g	2.g	1.g	2.g	1.g	2.g			1.g	2.g
Reykir II	15	9.750												9.750
Steinkirkja	31	20.150												20.150
Veturliðast	32	20.800											10.000	10.800
Hróarsstað	42	27.300												27.300
Nes	13	8.450												8.450
Hrisgerði	155	100.750	30.000	20.000										20.750
Kambsstað	326	211.900	90.000	40.000	20.000									31.900
Birkihlíð	10	6.500												6.500
Háls	145	94.250						20.000	20.000	20.000				34.250
Tungudeild								40.000						
Bárðardalur							40.000							
Samtals	754	490.100	120.000	60.000	20.000	20.000	40.000	40.000	20.000	20.000	20.000	10.000	0	169.850

Tilhögun fjallskila haustið 2023

Bleiksmýrardalur og Skarðsdalur:
Fyrstu göngur verða 1.-2. september
Réttlað á Reykjum 3. september.
Aðrar göngur verða 23.-24. október

Timburvalladalur:
Fyrstu göngur 9. sept.
Aðrar göngur verða 30. sept.

Hjaltadalur:
Smalaður 17. sept.

Heimalönd í Vaðlaheiði, Illugstöðum og Sellandi.
Smalað verður 9. september og aftur 23. september.
Reykjafjall verður smalað 10. september.
Heimalönd austan Fnjóskár suður að Belgsá:
Smalað verður 9. september.
Önnur smölun 23. sept.

Skuldir eru með gjalddaga 1. des. 2023 og óskast greiddar fyrir 15. des. 2023.
Reikningur 1110-26-113131 - kennitala 6211861169

Gangnastjórar verða:

Á Bleiksmýrardal maður frá Kambsstöðum og bíll.
Timburvalladalur, Hermann R: Herbertsson
Hjaltadalur, Hermann R: Herbertsson
Gangnastjórar ákveða brottfarartíma.

Um úrtíning úr Bárðardal í fyrstu og öðrum göngum sér Hermann R. Herbertsson
Um úrtíning úr Eyjafirði í fyrstu og öðrum göngum sér Þuríður Davíðsdóttir
Eins og gangnaseðillinn ber með sér er dagsverkið metið á 10.000 kr., sem er:
Austurdalagöngur 2 dagsverk og Sandagöngur 3 dagsverk (2 dagsverk aðrar göngur).
Önnur gangnasvæði eru 1 dagsverk.

Með ósk um gott samstarf og góða ferð í göngurnar.

Hermann R. Herbertsson
Ketill Tryggvason
Ásgeir Sigurðsson